

Leiðbeiningar við skráningu í Útkallsskýrslugrunn

-

Yfirlit yfir skráningarsvæði

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Innskráning	4
Grunnupplýsingar	5
Þátttakendur	7
Stöð/Tæki	7
Þátttakendur	7
Annar mannaflí	8
Lýsing	8
Villur	9
Eldur í byggingu	9
Eldur utan bygginga	11
Viðvörðunarkerfi, ekki eldur	12
Umferðarslys	13
Leki af hættulegum efnum	14
Yfirlit yfir skráningarsvæði	15
Grunnupplýsingar	15
Lýsing	16
Þátttakendur	16
Eldur í byggingu	16
Eldur utan bygginga	18
Leki af hættulegu efni	18
Umferðarslys	19
Viðvörðunarkerfi, ekki eldur	19

Inngangur

Þessar leiðbeiningar eru hugsaðar til að aðstoða notendur við skráningu á útköllum. Þær skiptast í 2 hluta, annars vegar almennt yfirlit yfir skráningargluggana og hins vegar yfirlit yfir skráningarsvæðin sem eru í kerfinu. Yfirlitið yfir skráningarsvæðin er hugsað sem samantekt yfir svör við spurningum varðandi sértilfelli sem geta komið upp. Verður það uppfært eftir þörfum.

Innskráning

Eftir að notandi hefur skráð sig inn í Bjargir þá kemur hann inn í eftirfarandi valmynd



112 Bjargir
 Fimmtudagur 29 Október 2015 :: 15:09:55

Ábyrgðarmaður:
[Enginn ábyrgðarmaður skráður](#)

Tegund viðbragðsaðila: Viðbragðsaðili:

Velkomin(n) (0) | [Mannvirkja...](#) | [Vettvangseiningar](#) | [Einstaklingar](#) | [Stöðvar](#) | [Búnaður](#) | [Boðunarsímahópar](#) | [Skýrslur](#) | [Þjónustusvæði](#)

Velkomin(n) Kristján Vilhelm Rúriksson


Tilkynningar
 Hér eru gagnlegar tilkynningar og leiðbeiningar um nýjungar og mikilvæga þætti.

Dags. skráð	Efni	Lýsing	Viðhengi	Höfundur
12.08.2014 10:44	Ábyrgðaraðilar	Ábyrgðaraðilar þ...		
NYTT	12.08.2014 10:44	Gagnsemi skýrslunar boðanir	Vil hvetja ykkur til að ný... Gagnsemi skýrslunar Boðanir.pdf	
NYTT	12.08.2014 10:44	Ítarlegra yfirlit yfir Einstaklinga	Nú er hægt að athuga ... Ítarlegra yfirlit yfir Einstaklinga.pdf	
NYTT	12.08.2014 10:43	Ítarlegra yfirlit yfir Vettvangseiningar	Nú er hægt að athuga ... Vettvangseiningar.pdf	
NYTT	12.08.2014 10:43	Gagnsemi skýrslunar Boðanaáætlanir	Í skýrslunni Boðunaræ...	
NYTT	12.08.2014 10:42	Yfirlit yfir sjúkraflutninga og pantanir sjúkraflutninga	Hvetjum alla þá sem þ... Yfirlit yfir stöðu sjúkraflutninga.pdf	

Mynd 1. Valmynd eftir að notandi hefur skráð sig inn í Bjargir.

Til að komast í umsýslugluggann þarf að smella á „Skýrslur“ sem merktar með bláum hring í mynd 1.

Eftir að komið er í umsýslugluggann þarf að ýta á „Slökkviliðsútkall“ sem er merkt með bláum hring á mynd 2. Einnig er hægt að sjá tölfræði útkalla með því að ýta á „Slökkviliðstölfræði“.



Tegund viðbragðsaðila: Viðbragðsaðili:

Velkomin(n) (0) | [Mannvirkja...](#) | [Vettvangseiningar](#) | [Einstaklingar](#) | [Stöðvar](#) | [Búnaður](#) | [Boðunarsímahópar](#) | [Skýrslur](#) | [Þjónustusvæði](#) | [Notendur](#) | [Útök](#)

[Slökkviliðsútkall](#) | [Slökkviliðsútkallstölfræði](#) | [Boðanir](#) | [Boðanaáætlanir](#) | [Viðbragðsaðilar](#) | [Búnaður](#)

Sýna fyrir valda tegund **Tími frá:** | | 2015 **Tími til:** | | 2015

Skýrsla slökkviliðsútkalls
 Ísmál þú 'Nú útkall' til að hafa afgreiðslu.

Tilfelli: Forgangur: Póstnúmer: Viðbragðsaðili:

Nr. skráðu	Hálfstund	Lífið númer útkalls	Tími	Tilfelli	Útkaðastaðir	Póstnúmer	Vandhættis	Forgangur	Skráningu er lokið	Yfirleitt er lokið	Skýrsla	Villa	Viðbragðsaðili
2077	148533450	0	29.10.2015 15:13	Eldur utan bygginga	Skúlagata 21	101	F1	F1	Nei	Nei			Mannvirkjastofnun
2076	148533442	0	29.10.2015 15:13	Eldur í byggingu	Skúlagata 21	101	F1	F1	Nei	Nei			Mannvirkjastofnun

Mynd 2. Umsýslugluggi skráninga í útkallsskýrslugrunn.

Í umsýsluglugganum er hægt að finna útköll eftir tímabilum með því að velja dagsetningar í „Tími frá“ og „Tími til“.


Einnig er hægt að nota síur, sem eru beint fyrir ofan listann til að sigta út eftir tilfellum, forgangi og pósthúmeri.

Í listanum kemur fram hvort skráningu og yfirferð sé lokið og hvort villa sé í skráningunni.

Til að komast í útkall þarf að tvíklíkka á bláa hlekkinn hægra megin í töflunni en einnig er hægt að stofna útkall með því að ýta á græna plúsinn efst upp til vinstri í töflunni og skrá Tilfelli, Forgang og staðsetningu og vista skráninguna.

Grunnupplýsingar

Þegar skráningin er opnuð birtist eftirfarandi grunnmynd en á henni er búið að skrá þær upplýsingar sem starfsmenn Neyðarlínunnar hafa skráð og er þær að finna í 3 grálituðu svæðunum efst í skjámyndinni og er ekki hægt að breyta. Eru þessar upplýsingar sjálfgefnar í svæðunum fyrir neðan grálituðu svæðin og eru þau ætluð fyrir varðstjóra til að staðfesta eða breyta eftir þörfum.



Sliðkvíllsútkall | Viðbragðsaðili: Mannvirkjastofnun | Málsnúmer: 148533450 - Stofnað: 29.10.2015 15:15:48 | Vistun heppnaðist.

Tilfelli 1: * Eldur utan bygginga | Forgangur: * F1 | Útkallsstaður: * / Póstnúmer: Skúlagata 21 | 101 | GPS staðsetning
 Hægt er að skrá inn hnit á forminu:
 Degrees, Minutes, Seconds - Dæmi: 52° 31' 14.841" og 13° 24' 34.620"
 Decimal Degrees - Dæmi: 52.520617 og 13.40918
 Degrees, Decimal Minutes - Dæmi: 52° 31.249 og 13° 24.567

Tilfelli 1 reyndist vera: * Eldur utan bygginga | Forgangur reyndist vera: * F1 | Útkallsstaður reyndist vera: * / Póstnúmer: Skúlagata 21 | 101 | Breiddargráða: | Lengdargráða: |

Annað tilfelli: Gerð fasteignar / Tegund staðar: * -Val- | Fastanúmer okutækis: | Heimilisfangaleit |

Tilfelli 2: Önnur gerð fasteignar / Tegund staðar: -Val- | Vegalengd: |

Tilfelli 3: Brunatrygging fasteignar: |

Varðstjóri: * | Eigandi / Umráðamaður fasteignar: |

Eigildi númer útkalls: |

Skráningu er lokið
 Yfirferð er lokið

Fasteignaskrá - Heimilisfangaleit: |

Heimilisfang: Skúlagata 21 | Leit í fasteignaskrá

Aðrar upplýsingar
 Útkall ekki í eigið sveitarfélag
 Útkall í sveitarfélag án samnings
 Boð eftir stjórnanda í annað sveitarfélag
 Aðstoð í annað sveitarfélag
 Annað sliðkvíll gerði heildarskýrslu
 Utanaðkomandi aðstoð
 Bílanir
 Tvöföld boð

Fjöldi slasaðra: | 0 |
 Fjöldi látinna: | 0 |
 Fjöldi bjargað: | 0 |

Vista skrálu | Eyða skýrslu | Prentaskoðun...

Staðsetning útkalls á korti.
 Virkja 'teikniham' á korti til að breyta GPS staðsetningu

Mynd 3. Grunnupplýsingar um útkall

Í grunnupplýsingum kemur fram mat starfsmanns Neyðarlínunnar á tilfelli útkallssins, þ.e. aðalástæðu útkallssins og þarf að fullvissa sig um að það sé rétta ástæðan og bæta við eftir þörfum öðrum afleiddum tilfellum sem gætu hafa komið upp meðan á útkalli stóð en hægt er að bæta við 2 viðbótar tilfellum. Dæmi um þetta gæti verið Umferðarslys þar sem þyrfti að hreinsa upp olíu eftir það. Þá væri Tilfelli 1 skráð sem Umferðarslys en Tilfelli 2 sem Leki af hættulegum efnum. Ef ekki er hægt að velja tilfelli úr felliglugga skal tilfellið skráð í Annað tilfelli.

Á sama hátt þarf að fullvissa sig um að forgangur útkallsins sé réttur og breyta eftir þörfum í svæðinu „Forgangur reyndist vera“.

Að lokum skal athuga hvort rétt heimilisfang og póstnúmer hafi verið valið. Ef það er rétt valið er hægt að ýta á hnappinn „Heimilisfangaleit“ og ætti þá heimilisfangið að hnitsetjast á kortinu ef upplýsingar um heimilisfangið finnast í upplýsingum Fasteignaskrár.

Ef um er að ræða byggingu þarf að velja hvaða eignarhluta um var að ræða og er það gert með því að fara í svæðið „Fasteignaskrá – Heimilisfangaleit“ og slá þar inn heimilisfang og kemur þá upp listi yfir heimilsföng ef þau eru fleiri en eitt. Með því að velja viðeigandi hlekk koma fram fastanúmer sem eru undir undir viðkomandi heimilisfangi. Við hvert fastanúmer er svokölluð Merking og eru 3 og 4 tölustafir frá vinstri, hæð viðkomandi einingar í byggingunni en hægt er að nota þær til að finna rétt Fastanúmer.

Við það að velja Fastanúmer þá birtast upplýsingar um brunatryggingu og eiganda/umráðamann fasteignarinnar í gráu svæðunum.

Fasteignaskrá - Heimilisfangaleit

Heimilisfang:

Fasteignaskrá - Leitarniðurstöður:

Heiti	Sveitarfélag	Landnúmer
Skúlagata 21	Borgarbyggð	135792
Skúlagata 21	Stykkishólmur	137351
Skúlagata 21	Reykjavík	179254

Fastanúmer:

Fastanúmer	Merking	Notkun
2239148	010101	Skrifstofa
2239149	010201	Skrifstofa
2239150	010301	Skrifstofa

Mynd 4. Heimilifangaleit í fasteignaskrá

Næst þarf að velja hvers konar fasteign eða stað útkallið átti sér stað á og er það gert með því að fara í reitinn „Gerð fasteignar/Tegund staðar“ og velja viðeigandi gildi úr felliglugga. Ef ekki er hægt að velja rétt gildi er hægt að skrá það handvirkt í svæðið „Önnur gerð fasteignar/Tegund staðar“.

Ef um er að ræða ökutæki er hægt að skrá fastanúmer þess í svæðið „Fastanúmer ökutækis“. Ef ökutæki er á einkanúmerum þarf að finna út hvert fastanúmer þess er. Hægt er að skrá fleiri en eitt fastanúmer í svæðið og er þá best að hafa kommu á milli. Dæmi um þetta getur verið: „AB123, BA123“.

Varðstjórar skulu alltaf skrá sig með því að velja nafn sitt úr felliglugga.

Þegar skráningu er lokið skal varðstjóri haka í reitinn „Skráningu er lokið“. Ef slökkviliðið vill fara yfir útkallið og staðfesta yfirferðina þá getur það hakað í „Yfirferð er lokið“. Ef ekki er farið yfir útkallið sérstaklega getur varðstjóri hakað í báða reitina.

Svæðið vegalengd mun í framtíðinni sýna vegalengd frá viðkomandi slökkvistöð að útkallsstað.

Undir aðrar upplýsingar er svo hakað eftir því hvort útkallið var í umdæmi varðstjóra. Ef útkallið var í eigið sveitarfélag þarf ekki að haka í þau svæði sem tengjast samvinnu sveitarfélaga.

Ef utanaðkomandi aðstoð barst, bilanir eða tvöföld boð áttu sér stað skal haka í viðkomandi reit.

Að lokum skal skráð fjölda slasaðra, látinna og bjargað.

Ef eyða þarf útkallinu er hægt að ýta á hnappinn „Eyða skýrslu“

Hnappurinn „Prentskoðun“ notast þegar prenta skal út skýrsluna.

Þátttakendur


Svæðið þátttakendur skiptist í 3 undirsvæði og verður fjallað um þau hér að neðan

Stöð/Tæki

Í þessu svæði þarf að fylgja ákveðnu verklagi til skráning verði rétt. Til að skrá tæki skal gera eftirfarandi atriði í þessari röð:

- * Velja græna + hægra megin efst í töflunni
- * Velja stöð og tæki
- * Skrá inn dagssetningu og tíma með því að nota fellilugga/hnappa
- * Ýta á hnappinn „Vista stöð/tæki“

Þetta skal endurtekið fyrir hvert tæki. Þó er hægt að vinna í nokkrum skráningum á tækjum í einu ef skráning viðkomandi tækis er vistuð áður en næsta tæki er skráð.



Stöð / Tæki

Til að bæta við upplýsingum smellið á græna '+', skráið upplýsingar og smellið á 'Vista stöð / tæki'.
Til að breyta upplýsingum smellið á bláa tengi, breytið upplýsingum og smellið á 'Vista stöð / tæki'.

Stöð	Tæki	Boð til slökkviliðs	Bifreið af stað	Koma á útkallsstað	Björgunarstarf hófst	Björgunarstarfi lauk	Afturkallað
Ekki skráð	Ekki skráð						

Stöð: * 300 Tæki: * 301

Boð til 112: * Boð til slökkviliðs: * Bifreið af stað: Koma á útkallsstað: Björgunarstarf hófst: Björgunarstarfi lauk: Afturkallað:

15 09 2015 30 10 2015 30 10 2015 30 10 2015 30 10 2015 -- -- -- --
 15 56 50 14 40 28 14 40 37 14 40 39 14 40 42 14 40 43 -- -- -- --


Vista stöð / tæki

Mynd 5. Skráning á stöð/tæki

Þátttakendur

Hér þarf einnig að fylgja föstum reglum varðandi skráningu. Til að skrá mannafla á tæki skal gera eftirfarandi atriði í þessari röð:

- * Velja úr listanum „Tiltækir einstaklingar“ með því að ýta á græna plúsinn og koma þá nöfnin fram í listanum „Skráðir einstaklingar“. Ef fjarlægja þarf nöfn úr listanum þarf að ýta á rauða x sem er við viðkomandi nafn eða ýta á hnappinn „Fjarlægja allan mannafla“.
- * Til að skrá ökutæki á einstakling þarf að haka í hakreitinn til vinstri við nafn viðkomandi og velja ökutæki úr valmyndinni Stöð/Tæki og ýta á hnappinn Skrá stöð / tæki.
- * Einnig er hægt að skrá vettvangseiningar sem skilgreindar eru í Björgum en þær er að finna í fellivalmyndinni Vettvangseining viðbragðsaðila og er þá valin vettvangseining og síðan ýtt á



Mannafli

Til að bæta við tiltækum einstaklingi smellið á græna '+'.
Til að fjarlægja skráðan einstakling smellið á rauða 'x'.
Til að fjarlægja allan skráðan mannafla smellið á 'Fjarlægja allan mannafla'.
Til að bæta við einstaklingum úr vettvangseiningu viðbragðsaðila veljið vettvangseininguna og smellið á 'Bæta við einstaklingum'.

Vettvangseining viðbragðsaðila: -Val- Bæta við einstaklingum

Stöð / Tæki: -Val- Skrá stöð / tæki á val

Fjarlægja allan mannafla

Tiltækir einstaklingar:

Kennitala	Nafn	Stöð	Tæki
2108882259	Amar Bergþórsson		+
0507842749	Amar Snær Pétursson		+
2107824279	Amar Víðir Jónsson		+
0711554559	Arnfinnur Hallvarðsson		+
1206862169	Arnþór Pálsson		+
2601592839	Bergþór Kristleifsson		+

Skráðir einstaklingar: *

Velja Kennitala	Nafn	Stöð	Tæki
<input type="checkbox"/>	1406595929 Bjarni Kristinn Þorsteinsson Borgarnes 32-131		x
<input type="checkbox"/>	2011892689 Björgvin Fjeldsted Borgarnes 32-131		x
<input type="checkbox"/>	0902673299 Björn Björnsson Borgarnes 32-132		x
<input type="checkbox"/>	3103735839 Björn Húnbogi Sveinsson Borgarnes 32-132		x

Mynd 6. Skráning á mannafla


hnappinn „Bæta við einstaklingum“ og kemur þá vettvangseiningin fram undir listanum skráðir einstaklingar.

Annar mannafla

Stundum þarf að skrá annan mannafla en starfsmenn slökkviliðs og er það gert með því að fylgja eftirfarandi verklagi:

- * Velja græna + hægra megin efst í töflunni
- * Velja aðila úr töflunni Aðrir og stimpla inn fjölda manna
- * Ýta á hnappinn „Vista annan mannafla“

Ef breyta þarf skráningu er ýtt á nafn aðila (blár hlekkur) og breytingar gerðar. Til að fjarlægja aðila af listanum þarf að ýta á rauða x hjá viðkomandi.



Annar mannafla

Til að bæta við upplýsingum smellið á græna '+', skráið upplýsingar og smellið á 'Vista'.
Til að breyta upplýsingum smellið á bláa tengil, breytið upplýsingum og smellið á 'Vista'.

Aðrir	Fjöldi manna
EKKI SKRÁÐ	0

Aðrir: Fjöldi manna:

Vista annan mannafla


Mynd 7. Skráning annarra en slökkviliðsmanna

Notaður tími

Hægt er að sjá tölulegar upplýsingar um tíma sem útkallið tók hjá hverju útkallstæki með því að ýta á hlekk viðkomandi ökutækis í Stöð/Tæki og birtist þá tímanotkun viðkomandi ökutækis.

Lýsing

Lýsing skiptist upp í 3 mismunandi svæði. Fyrst er gráa svæðið „Lýsing neyðarvarðar“ sem inniheldur texta sem neyðarvörðurinn skráði í kerfi Neyðarlínunnar. Ekki er hægt að skrá í það svæði. Næst er svæðið „Lýsing slökkviliðs“ en þar getur varðstjóri slökkviliðs skráð upplýsingar um útkall. Að lokum er svæði þar sem hægt er að hlaða textaskjölum og myndum ef varðstjóri kys að gera það frekar. Til útskýringar hafa verið settar leiðbeingar með grænum texta þar talið er upp hvaða atriði nauðsynlegt er að komi fram í lýsingunni.



Vilur (0) Þáttakendur Lýsing

Lýsing neyðarvarðar:
Handvirkir slökkviliðsútkall.

Lýsing slökkviliðs:
þeð

Viðhengi:
 Browse...

Viðhengi:
 Upphlaða Eyða

Smellið á hnappinn 'Vista' þegar skrá hefur verið upphlaðið til að vista lýsingu með viðhengi!
Athugið: Ef skipta á um viðhengi, eyðið fyrst því viðhengi sem er til fyrir!

Skoða lýsingu

Helstu atriði sem nauðsynlegt er að komi fram eru:

1. Tilkynningin.
2. Ákvörðun um útkallsstyrk / tæki.
3. Hvaða upplýsingar komu á leiðinni.
4. Hvernig er aðkoman.
5. Hvaða upplýsingar fæ ég á staðnum.
6. Hverjar voru fyrstu aðgerðir.
7. Hverjar voru framhaldsaðgerðir.
8. Helstu skemmdir.
9. Ráðstafanir sem voru gerðar s.s. Rafveita, Rauði Kross, Tryggingafélag o.s.f.
10. Vettvangur afhentur hverjum.

Mynd 8. Skráningargluggi fyrir Lýsingu

Villur

Í flípanum Villur er listi þar sem taldar eru upp þær villur sem villusegðir innan kerfsins hafa fundið. Kemur fjöldi þeirra fram í haus flípanum. Í listanum kemur fram í hvaða hluta kerfsins villan er og hvaða svæði er um að ræða.

Villur (11)	Þátttakendur	Lýsing	Eldur í byggingu
Staðsetning	Villa		
Grunnupplýsingar	Vantar fasteign / Röng gerð fasteignar miðað við valið tilfelli		
Grunnupplýsingar	Vantar varðstjóra		
Þátttakendur	Vantar a.m.k. eina stöð / tæki		
Lýsing	Vantar lýsingu slökkviliðs eða viðhengi		
Eldur í byggingu	Vantar hvernig rými kviknaði í		
Eldur í byggingu	Vantar hverju kviknaði í		
Eldur í byggingu	Vantar ástæðu fyrir eldi		
Eldur í byggingu	Vantar umfang elds við aðkomu		
Eldur í byggingu	Vantar hvar var eldurinn slökktur		
Eldur í byggingu	Heildarfjöldi hæða ofanjarðar verður að vera > 0		
Eldur í byggingu	Upphafsrými var á hæð verður að vera <> 0		

Mynd 9. Dæmi um lista af villum.

Eldur í byggingu

Þegar um er að ræða útkall vegna elds í byggingu skal skrá upplýsingar um:

- * Hvernig rými kviknaði í
- * Hverju kviknaði í
- * Ástæða fyrir eldi
- * Umfang elds við aðkomu
- * Hvar var eldurinn slökktur
- * Heildarfjöldi ofanjarðar
- * Upphafsrými var á hæð


og er það gert með því að velja viðeigandi gildi úr felligluggunum eða

Villur (11)	Þátttakendur	Lýsing	Eldur í byggingu
Hvernig rými kviknaði í: *	Annað:	<input type="text"/>	
<input type="text" value="-Val-"/>			
Hverju kviknaði í: *	Annað:	<input type="text"/>	
<input type="text" value="-Val-"/>			
Ástæða fyrir eldi: *	Annað:	<input type="text"/>	
<input type="text" value="-Val-"/>			
Umfang elds við aðkomu: *	Heildarfjöldi hæða ofanjarðar: *	<input type="text" value="0"/>	
<input type="text" value="-Val-"/>			
Hvar var eldurinn slökktur: *	Upphafsrými var á hæð: *	<input type="text" value="0"/>	
<input type="text" value="-Val-"/>			

Mynd 10. Hluti af skráningarmynd fyrir tilfellið Eldur í byggingu

skrá inn rétt gildi. Ef ekki er hægt að finna upplýsingar í felligluggum skal skrá í svæðið Annað fyrir viðkomandi felliglugga.

Önnur atriði er fyllt inn í eftir verklagi slökkviliðs fyrir sig en þó er rétt að benda á breytingu frá eldra kerfi á skráningu öryggisbúnaðar í byggingum en búið sameina skráningu á öryggisbúnaði og er hann nú á einum stað eins og sést á meðfylgjandi mynd. Er hægt skrá inn upplýsingar um hann með því að velja viðeigandi gildi í felligluggum.




Mynd 11. Skráningarmynd fyrir öryggisbúnað

Skráning á froðu er sambærileg við skráningu á „Annar mannaflí“ þ.e. fylgja þarf eftirfarandi verklagi:

- * Velja græna + hægra megin efst í töflunni
- * Velja aðila úr töflunni Froða og stimpla inn magn í lítrum
- * Ýta á hnappinn „Vista froðu“

Ef breyta þarf skráningu er ýtt á nafn aðila (blár hlekkur) og breytingar gerðar. Til að fjarlægja froðu af listanum þarf að ýta á rauða x hjá viðkomandi efni.



Mynd 12. Skráningarmynd fyrir froðu

Eldur utan bygginga


Þegar um er að ræða útkall vegna elds utan bygginga verður að skrá upplýsingar um:

- * Í hverju kviknaði í
- * Ástæðu fyrir eldi
- * Ef um er að ræða gróðureld Stærð (fyrir gróður)
- * Ef um er að ræða gróðureld Einingu

og er það gert með því að velja viðeigandi gildi úr felliluggunum.

Ef um er að ræða gróðureld, þ.e. ef svæðið „Hverju kviknaði í“ inniheldur eitt af eftirfarandi gildum „Móar, mýri“, „Ræktuðum skógi“, „Sinu“ eða „Öðru skóglendi (kjarri)“ þá birtast seinni 2 svæðin sjálfkrafa.


Ef ekki er hægt að finna upplýsingar í felliluggum skal skrá í svæðið Annað fyrir viðkomandi fellilugga. Önnur svæði skrá varðstjórar í eftir verklagi slökkviliðs hverju sinni.



Mynd 13. Hluti af skráningarglugga vegna elds utan bygginga

Skráning á froðu er sambærileg við skráningu á „Annar mannaflí“ þ.e. fylgja þarf eftirfarandi verklagi:

- * Velja græna + hægra megin efst í töflunni
- * Velja aðila úr töflunni Froða og stimpla inn magn í lítrum
- * Ýta á hnappinn „Vista froðu“



Mynd 14. Skráningarmynd fyrir froðu

Ef breyta þarf skráningu er ýtt á tegund froðu (blár hlekkur) og breytingar gerðar og vistaðar. Til að fjarlægja froðu af listanum þarf að ýta á rauða x í viðkomandi línu. Önnur svæði skrá varðstjórar í eftir verklagi slökkviliðs hverju sinni.

Viðvörunarkerfi, ekki eldur

Þegar um er að ræða útkall vegna viðvörunarkerfis en ekki eldur verður að skrá upplýsingar um:

- * Skynjarategund
- * Ástæðu boðs
- * Aðgerðir slökkviliðs

og er það gert með því að velja viðeigandi gildi úr felligluggunum. Ef ekki er hægt að finna upplýsingar í felligluggum skal skrá í svæðið Annað fyrir viðkomandi felliglugga. Önnur svæði skrá varðstjórar í eftir verklagi slökkviliðs hverju sinni.

Vilur (14)	Dáttakendur	Lýsing	Eldur í byggingu	Gróðureldur	Viðvörunarkerfi (ekki eldur)
Tenginúmer:	Vaktfyrirtæki:		-Val-		
Aðaltafla svæðis:	Undirtafla svæðis:				
Skynjaranúmer:	Framleiðandi:				
Skynjarategund: *	Annað:		-Val-		
Ástæða boðs: *	Annað:		-Val-		
Aðgerðir slökkviliðs: *	Annað:		-Val-		
<input type="checkbox"/> Gjaldskylt					

Mynd 15. Skráningargluggi vegna Viðvörunarkerfis, ekki eldur


Umferðarslys

Þegar um er að ræða umferðarslys verður að skrá upplýsingar um:

- * Hverjir voru í slysinu
- * Orkugjafa

Er það gert með því að fylgja eftirfarandi verklagi:

- * Velja græna + hægra megin efst í töflunni
- * Velja ökutæki úr felliglugganum *Í slysinu voru* og velja orkugjafa þess úr felliglugganum *Orkugjafi*
- * Ýta á hnappinn „Vista umferðarslys“



The screenshot shows a web interface for reporting an accident. At the top, there are tabs for 'Viltur (4)', 'Dáttakendur', 'Lýsing', and 'Umferðarslys'. The main content area is titled 'Slys' and contains instructions: 'Til að bæta við upplýsingum smellið á græna '+', skráið upplýsingar og smellið á 'Vista'. Til að breyta upplýsingum smellið á bláa tengil, breytið upplýsingum og smellið á 'Vista'.' Below this is a table with two columns: 'Í slysinu voru' and 'Orkugjafi'. The first row shows 'Ekki skráð' in both columns. Below the table are two dropdown menus labeled 'Í slysinu voru: *' and 'Orkugjafi: *', both currently set to '-Val-'. A 'Vista slys' button is located below the dropdowns. At the bottom of the form is a text area labeled 'Umferðarslys, annað:'.

Mynd 16. Skráningargluggi fyrir Umferðarslys

Ef breyta þarf skráningu er ýtt á viðkomandi ökutæki í listanum (blár hlekkur) og breytingar gerðar og vistaðar. Til að fjarlægja ökutæki af listanum þarf að ýta á rauða x í viðkomandi línu.

Aðgerðir slökkviliðs eru skráðar eftir verklagi viðkomandi slökkviliðs.

Leki af hættulegum efnum


Þegar um er að ræða leka af hættulegum efnum verður að skrá upplýsingar um:

- * Starfsemi á lekastað
- * Hvað lak
- * Tegund efnis sem lak
- * Upphafsmagn efnis
- * Lekamagn
- * Uppsafnað magn
- * Eining
- * Umbúðir

Til að skrá starfsemina á lekastað og hvað lak eru gildi valin úr heitatöflum. Ef þau eru ekki til staðar er skráð í Annað fyrir viðkomandi svæði.

Til að skrá upplýsingar um efni sem lak fylgt eftirfarandi verklagi:

- * Velja græna + hægra megin efst í töflunni
- * Velja tegund efnis sem lak með því velja úr heitatöflunni *UN-númer/efni*. Hægt er að finna efni með því annað hvort með því að skrifa inn nafn efnis eða skrifa UN-númer þess.
- * Gildi fyrir *Upphafsmagn efnis*, *Lekamagn* og *Uppsafnað magn* eru skráð
- * *Eining* og *Umbúðir* eru valdar úr viðeigandi heitatöflum
- * Ýta á hnappinn „Vista hættulegt efni“



Villur (7) Dáttakendur Lýsing Leki af hættulegu efni

Hættuefni

Starfsemi á lekastað: * Annað:

-Val-

Hvað lak: * Annað:

-Val-

Önnur efni:

Til að bæta við upplýsingum smellið á græna '+', skráið upplýsingar og smellið á 'Vista'.
Til að breyta upplýsingum smellið á bláa tengil, breytið upplýsingum og smellið á 'Vista'.

UN-Númer	Efni	Upphafsmagn	Leka magn	Uppsafnað magn	Eining	Umbúðir	
Ekki skráð	EKKI SKRÁÐ	0	0	0	Ekki skráð	Ekki skráð	✖

UN-Númer / Efni: * Upphafsmagn: * Lekamagn: * Uppsafnað magn: * Eining: * Umbúðir: *

-Val- -Val-

Vista hættuefni

Mynd 17. Skráningargluggi fyrir leka af hættulegum efnum

Ef efni finnst ekki í töflunni er það skráð í textasvæðið Önnur efni.

Ef breyta þarf skráningu er ýtt á viðkomandi efni í listanum (blár hlekkur) og breytingar gerðar og vistaðar. Til að fjarlægja efni af listanum þarf að ýta á rauða x í viðeigandi línu.

Aðgerðir slökkviliðs eru skráðar skv. verklagi viðkomandi slökkviliðs.

Yfirlit yfir skráningarsvæði

Tilgangurinn með þessum hluta er að safna saman athugasemdum um skráningu og skýringum á þeim til að samræma skilning notenda og gera skráningu betri. Í þessum hluta eru talin upp öll svæði sem hægt er skrá texta í. Verður textinn endurskoðaður reglulega eftir því sem athugasemdir berast og skilningur á sértilfellum eykst.

Grunnupplýsingar

Tilfelli 1: Tilfelli sem skráð er af starfsmanni Neyðarlínunnar.

Forgangur: Forgangur sem skráður er af starfsmanni Neyðarlínunnar.

Útkallsstaður/Póstnúmer: Útkallsstaður og póstnúmer sem skráður er af starfsmanni Neyðarlínunnar.

Tilfelli 1 reyndist vera: Tilfelli sem staðfest er af varðstjóra slökkviliðs.

Forgangur reyndist vera: Forgangur sem staðfestur er af varðstjóra slökkviliðs.

Útkallsstaður/Póstnúmer reyndist vera: Útkallsstaður og póstnúmer sem staðfest er af varðstjóra slökkviliðs.

Annað tilfelli: Hér er skráð tilfelli ef það er ekki að finna í felliglugganum undir Tilfelli 1.

Tilfelli 2: Hér er skráð viðbótartilfelli ef útkall felur í sér fleiri en einn verkþátt. Dæmi um þetta gæti verið umferðarslys og hreinsun hættulegra efna.

Tilfelli 3: Hér er skráð viðbótartilfelli ef útkall felur í sér fleiri en tvo verkþætti. Dæmi um þetta gæti verið umferðarslys þar sem kviknaði í bílnum og hreinsun hættulegra efna.

Varðstjóri: Hér er varðstjóri útkallssins valinn.

Eigið númer útkalls: Hér geta slökkvilið valið að skrá sitt eigið númer útkalls ef þau eru með sitt eigið bókhald. Þetta númer birtist í umsýsluglugga.

Skráningu er lokið: Þegar varðstjóri telur sig vera búinn að klára skráninguna hakar hann í þennan reit og er það staðfesting hans á því að skráningin sé tilbúin.

Yfirferð er lokið: Ef verklag slökkviliðs er þannig að annar aðili en varðstjóri fer yfir skráninguna þá skal sá aðili haka í þennan reit þegar yfirferð er lokið. Ef slökkvilið er ekki með slíkt verklag þá hakar varðstjóri einnig í þennan hakreit.

Fasteignaskrá/heimilsfangaleit: Til að finna hvaða eignahluta byggingar útkallið átti sér stað í er sjálfgefið slegið inn þetta svæði út frá upplýsingum í Útkallsstaður. Varðstjóri ýtir á hnappinn „Leit í fasteignaskrá“ og fær þá upp lista með heimilisföngum í Fasteignaskrá sem eru eins. Varðstjóri þarf þá að velja rétt heimilisfang og kemur þá upp listi með eignarhlutum undir viðkomandi heimilsfangi sem varðstjóri velur og birtast þá upplýsingar um tryggingarfélag og eiganda/umráðamann viðkomandi eignarhluta. Ef upplýsingar eru ekki til kemur texti í svæðin Brunatrygging fasteignar og Eigandi/Umráðamaður fasteignar sem gefur það til kynna.

Gerð fasteignar/tegund staðar: Hér skal skrá hvers konar starfsemi á sér stað í viðkomandi byggingarhluta með því að velja úr felliglugga svæðisins.

Önnur gerð fasteignar/tegund staðar: Ef ekki er hægt að velja starfsemi úr felliglugga svæðisins skal hún skráð handvirk þetta svæði.

Fastanúmer ökutækis: Hér skal skrá fastanúmer ökutækja sem lenda í óhöppum. Hægt er að skrá nokkur fastanúmer og skal hafa „kommu“ milli þeirra. Dæmi um þetta er: AB123, BA123.

Heimilsfangaleit: Með því að ýta á þennan hnapp þá notar kerfið upplýsingar úr Útkallsstaður/Póstnúmer til að leita að GPS hnitum í fasteignaskrá og staðsetja sig á kortinu. GPS hnitin koma sömuleiðis fram í svæðunum Lengdargráða og Breiddargráða. Ef hnit finnst ekki í fasteignaskrá er hægt að ýta á hakreitinn við hliðina á rauðu teiknibólunni og ýta síðan á kortið og kemur þá rauða teiknibólan þar ásamt hnitunum í Lengdargráða og Breiddargráða.

Lýsing

Lýsing neyðarvarðar: Texti sem neyðarvörður skráir í kerfi Neyðarlínunnar.

Lýsing slökkviliðs: Texti sem slökkvilið skráir til að lýsa útkalli slökkviliðs og getur hann m.a. verið ítarlegri en hægt er að skrá annars í kerfinu.

Viðhengi: Skjal t.d. word eða mynd sem valin er til að vera vistað í kerfinu.

Browse: Hnappur til að velja skjal til upphleðslu.

Viðhengi: Skjal sem er hlaðið inn í kerfið t.d. Word skjal.

Upphlaða: Ef ýtt er á þennan hnapp er skráin sem valin var í viðhengi hlaðið inn.

Eyða: Ef ýtt er á þennan hnapp er skránni sem hlaðið var inn eytt.

Skoða lýsingu: Ef ýtt er á þennan hnapp er hægt að skoða skjalið sem hlaðið var inn.

Þátttakendur

Stöð: Hér er valið stöðin þaðan sem útkallstæki er sent frá.

Tæki: Hér númer útkallstækis valið.

Bifreið af stað: Hér er dagssetning og tíminn skráður þegar útkallstækið fór frá stöðinni.

Koma á útkallsstað: Hér er dagssetning og tíminn skráður þegar útkallstækið kom á útkallsstað.

Björgunarstarf hófst: Hér er dagssetning og tíminn skráður þegar björgunarstarf hófst.

Björgunarstarfi lauk: Hér er dagssetning og tíminn skráðu þegar björgunarstarfi lauk.

Afturkallað: Hér er dagssetning og tíminn skráður ef útkallið var afturkallað.

Vettvangseining viðbragðsaðila: Fyrirfram skilgreindir hópar fyrir ákveðnar tegundir útkalla.

Stöð/Tæki: Hér birtast þær stöðvar og tæki sem skráðar voru og eru notaðar til að skrá starfsmenn á.

Annar mannaflí – Aðrir: Aðrir starfsmenn en starfsmenn slökkviliðs.

Annar mannaflí – Fjöldi manna: Fjöldi annara starfsmanna en starfsmanna slökkviliðs.

Eldur í byggingu

Hvernig rými kviknaði í? Hvaða rými kviknaði í?

Hverju kviknaði í? Í hvaða hlut kviknaði í?

Ástæða fyrir eldi: Hvers vegna kviknaði í?

- Umfang elds við aðkomu:** Hvert var umfang eldsins?
- Hvar var eldurinn slökktur?** Í hvaða herbergi var eldurinn slökktur?
- Heildarfjöldi hæða ofanjarðar:** Hér skal skrá hæð byggingarinnar.
- Upphafsrými var á hæð:** Á hvaða hæð var eldurinn. Ekki er hægt að nota 0. Kjallari skal skrást sem -1.
- Annað:** Ef ekki er hægt að velja viðeigandi gildi úr felliglugga skal skrá skýringu hér.
- Öryggisbúnaður - Handslökkvitæki:** Var handslökkvitæki til staðar og hvernig nýttist það?
- Öryggisbúnaður – Slöngukefli (brunaslanga):** Var slökkvikefli til staðar og hvernig nýttist það?
- Öryggisbúnaður – Stakir reykskynjarar:** Var stakur reykskynjari til staðar og hvernig nýttist hann? Ef reykskynjarar eru samtendir og ekki tengdir stjórnstöð skulu þeir skráðir hér.
- Öryggisbúnaður – Brunaviðvörðunarkerfi:** Var reykskynjarar, tengdir stjórnstöð, til staðar og hvernig nýttust þeir?
- Öryggisbúnaður – Sjálfvirkur slökkvibúnaður:** Var sjálfvirkur slökkvibúnaður (úðakerfi) til staðar og hvernig nýttist hann?
- Öryggisbúnaður – Stigleiðsla:** Var stigleiðsla til staðar og hvernig nýttist hún?
- Öryggisbúnaður – Sjálfvirk reyklosun:** Var sjálfvirk reyklosun til staðar og hvernig nýttist hún?
- Öryggisbúnaður – Eldvarnarhurð:** Var eldvarnarhurð til staðar og hvernig nýttist hún?
- Öryggisbúnaður – Annar búnaður:** Var annar búnaður til staðar og hvernig nýttist hann?
- Viðvörðunarkerfi – Tenginúmer:** Upplýsingar um tenginúmer.
- Viðvörðunarkerfi – Aðaltafla svæðis:** Staðsetning aðaltöflu.
- Viðvörðunarkerfi – Undirtafla svæðis:** Staðsetning undirtöflu.
- Viðvörðunarkerfi – Skynjarnúmer:** Númer skynjara.
- Viðvörðunarkerfi – Skynjarategund:** Tegund skynjara.
- Viðvörðunarkerfi – Annað:** Hér eru skráð önnur atriði sem ekki var hægt að skrá í skráningarformið.
- Aðgerðir slökkviliðs - Vatn frá:** Hvaðan kom slökkvivatn sem var notað?
- Aðgerðir slökkviliðs -Mesti fjöldi stúta:** Hversu margir stútar voru notaðir til að slökkva?
- Aðgerðir slökkviliðs -Magn (lítrar):** Magn vatns sem var notað í útkallinu.
- Froða:** Hér er valin tegundi froðu sem var notuð.
- Froða – Magn (lítrar):** Hér er skráð magn froðu í lítrum.
- Annað hvað:** Hér eru skráð önnur atriði sem ekki var hægt að skrá í skráningarformið.
- Reykköfun – Fjöldi:** Hér er skráður fjöldi þeirra sem tóku þátt í reykköfun.
- Reykköfun – Heildarmanntími:** Hér skráist heildartími reykköfunar í útkallinu.
- Lífþjörgun – Reykköfun, björgunarmaski notaður:** Fjöldi þeirra sem var bjargað sem notuðu björgunarmaska.

Lífbjörgun – Reykköfun, björgunarmaski ekki notaður: Fjöldi þeirra sem var bjargað sem notuðu ekki björgunarmaska.

Lífbjörgun – Björgun með körfubifreið: Fjöldi þeirra sem var bjargað með körfubifreið.

Lífbjörgun – Körfubifreið notuð til inngöngu: Fjöldi slökkviliðsmanna sem notaði körfubifreið til að komast inn í bygginguna.

Lífbjörgun – Annað: Hér eru skráð önnur atriði sem ekki var hægt að skrá í skráningarformið.

Eldur utan bygginga

Hverju kviknaði í? Þarna skal skrá í hverju kviknaði í. Það er hægt að skrá nokkrar mismunandi útfærslur af gróðri t.d. Móar, mýri; Ræktuðum skógi; Sinu; Öðru skóglendi (kjarri); Öðrum gróðri.

Ástæða fyrir eldi: Hér er ástæða fyrir eldinum skráð.

Stærð (fyrir gróður): Ef kviknaði í gróðri kemur þessi gluggi fram og þarf þá að skrá tölugildi í það.

Eining: Eftir að búið er að skrá tölugildi fyrir stærðina er mælieining valin hér en hún getur verið m², hektarar eða km².

Annað: Hér skal skráð sú athugasemd fyrir viðkomandi svæði ef valmöguleikar í felliglugganum passa ekki við aðstæður.

Vatn frá: Hér er hakað við hvaðan slökkvivatn var fengið.

Mesti fjöldi stúta: Hér skráð mesti fjöldi stúta sem var notaður í útkallinu.

Lítrar: Hér er skráð magn vatns í lítrum.

Froða: Tegund froðu er valin hér.

Magn (lítrar): Magn froðu í lítrum.

Annað (hvað): Hér eru skráð önnur atriði sem ekki var hægt að skrá í skráningarformið. [Leki af hættulegu efni](#)

Starfsemi á lekastað: Hvað var verið að gera á lekastað?

Hvað lak: Í gegnum hvernig opnun komst efnið sem lak?

Önnur efni: Ef efnið er ekki að finna í listanum yfir efni skal skrá það hér.

Annað: Ef viðkomandi atriði finnst ekki í heitatöflunni skal skrá það hér.

UN-Númer/Efni: Hér efni sem lak valið. Hægt er að velja það með því að leita eftir annað hvort nafni eða UN-númeri.

Upphafsmagn: Magn efnis sem var upphaflega í ílátinu.

Lekamagn: Magn efnis sem lak.

Uppsafnað magn: Magn efnis sem slökkvilið náði að hreinsa.

Eining: Hér er valin mælieining fyrir magnið og getur hún verið lítrar, m³, kg eða Tonn

Umbúðir: Gerð umbúða.

Umferðarslys

Í slysinu voru: Hér er skráð hvort farartæki eða fólk voru í slysinu.

Orkugjafi: Hér er skráð tegund orkugjafa viðkomandi. Ef um gangandi vegfarandur skal skrá Annað.

Umferðarslys, annað: Hér eru skráð önnur atriði sem ekki var hægt að velja úr felligluggum.

Aðgerðir slökkviliðs – Annað hvað: Ef viðeigandi atriði á ekki við í hakreitum skal skrá það hér.

Viðvörðunarkerfi, ekki eldur

Tenginúmer: Upplýsingar um tenginúmer.

Aðaltafla svæðis: Staðsetning aðaltöflu.

Undirtafla svæðis: Staðsetning undirtöflu.

Skynjaraúmer: Númer skynjara.

Skynjartegund: Tegund skynjara.

Framleiðandi: Framleiðandi tækis.

Ástæða boðs: Hvers vegna fór kerfið í gang?

Aðgerðir slökkviliðs: Hvað gerði slökkviliðið?

Vaktfyrirtæki: Við hvaða varðstöð var kerfið tengt við?

Gjaldskylt: Þarf að borga slökkviliðinu vegna útkallsins?

Annað: Hér eru skráð önnur atriði sem ekki var hægt að skrá í skráningarformið.